

ÁKVÖRDUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2015/EES/74/81

frá 12. ágúst 2013

um grundvallarkröfur varðandi fjarskiptabúnað um borð í skipum sem ætlaður er til notkunar í skipum, sem falla ekki undir samninginn um öryggi mannlífa á hafinu (SOLAS), og til þátttöku í hinu alþjóðlega neyðar- og öryggiskerfi fjarskipta á sjó (GMDSS-kerfinu)

(tilkynnt með númeri C(2013) 5185)

(2013/638/ESB)

FRAMKVÆMDASTJÖRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

tilgreindri notkun þessara tíðnisviða og viðunandi ábyrgðartrygging ætti að vera fyrir því að hann virki rétt í neyðartilvikum.

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/5/EB frá 9. mars 1999 um fjarskiptabúnað og endabúnað til fjarskipta og gagnkvæma viðurkenningu á samræmi þeirra ⁽¹⁾, einkum e- lið 3. mgr. 3. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Allmörg aðildarríki hafa komið á eða hyggjast koma á sameiginlegum meginreglum um öryggi og reglum um þráðlausan fjarskiptabúnað um borð í skipum sem falla ekki undir samninginn um öryggi mannlífa á hafinu frá árinu 1974.
- 2) Samhæfing þráðlausrar fjarskiptaþjónustu ætti að stuðla að öruggari siglingum skipa sem falla ekki undir samninginn um öryggi mannlífa á hafinu, einkum í neyðartilvikum og þegar veðurskilyrði eru slæm.
- 3) Í umburðarbréfi siglingaöryggisnefndarinnar nr. 803 um þátttöku skipa, sem falla ekki undir samninginn um öryggi mannlífa á hafinu, í hinu alþjóðlega neyðar- og öryggiskerfi fjarskipta á sjó (GMDSS-kerfinu) og ályktun MSC.131 (75) Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar eru ríki hvött til að beita viðmiðunarreglum um þátttöku skipa, sem falla ekki undir samninginn um öryggi mannlífa á hafinu, í hinu alþjóðlega neyðar- og öryggiskerfi fjarskipta á sjó og til að krefjast þess að tiltekinn búnaður, sem er nauðsynlegur með tilliti til GMDSS-kerfisins, sé til staðar í þráðlausum fjarskiptabúnaði allra skipa.
- 4) Í fjarskiptareglum Alþjóðafjarskiptasambandsins eru tilgreind tiltekin tíðnisvið sem hefur verið úthlutað til notkunar í GMDSS-kerfinu. Allur þráðlaus fjarskiptabúnaður, sem er starfræktur á þessum tíðnisviðum og er ætlaður til notkunar í neyðartilvikum, ætti að samrýmst

- 5) Til glöggvunar er nauðsynlegt að greina frá því að ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/71/EB frá 4. september 2003 um grundvallarkröfur varðandi fjarskiptabúnað um borð í skipum sem ætlaður er til notkunar í skipum, sem falla ekki undir samninginn um öryggi mannlífa á hafinu (SOLAS), og til þátttöku í hinu alþjóðlega neyðar- og öryggiskerfi fjarskipta á sjó (GMDSS-kerfinu) ⁽²⁾ gildir um GMDSS-búnað til notkunar um borð í öllum skipum sem falla ekki undir samninginn um öryggi mannlífa á hafinu, sem ekki fellur undir tilskipun ráðsins 96/98/EB frá 20. desember 1996 um búnað um borð í skipum ⁽³⁾.
- 6) Framkvæmd krafna sem, GMDSS-búnaður sem ætlaður er í skip sem falla ekki undir samninginn um öryggi mannlífa á hafinu, á að uppfylla, ætti að vera með samræmdum hætti á milli allra aðildarríkja og í samræmi við viðkomandi leiðbeiningar Alþjóðasiglingamálastofnu narinnar.
- 7) Vegna fjölda breytinga sem verða gerðar á ákvörðun 2004/71/EB, ætti önnur að koma í hennar stað til glöggvunar.
- 8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar um samræmismat í fjarskiptum og markaðseftirlit (TCAM).

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

I. gr.

Ákvörðun þessi skal gilda um allan þráðlausan fjarskiptabúnað sem ekki fellur undir gildissvið tilskipunar 96/98/EB og sem ætlaður er til nota um borð í skipum sem falla ekki undir samninginn um öryggi mannlífa á hafinu frá árinu 1974 og til þátttöku í hinu alþjóðlega neyðar- og öryggiskerfi fjarskipta á sjó (GMDSS-kerfinu), eins og mælt er fyrir um í IV. kafla SOLAS-samþykktarinnar og starfræktur er í annað hvort:

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 296, 7.11.2013, bls. 22. Hentar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 222/2014 frá 24. október 2014 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 52, 3.9.2015, bls. 24.

(1) Stjtið. EB L 91, 7.4.1999, bls. 10.

(2) Stjtið. ESB L 16, 23.1.2004, bls. 54.

(3) Stjtið. EB L 46, 17.2.1997, bls. 25.

a) strandarstöðvaþjónustu, eins og hún er skilgreind í grein 1.28 í alþjóðafjarskiptareglum Alþjóðafjarskiptasambandsins eða,

b) farstöðvaþjónustu við skip um gervitungl, eins og hún er skilgreind í grein 1.29 í fjarskiptareglum Alþjóðafjarskiptasambandsins.

2. gr:

Með fyrirvara um tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/45/EB ⁽⁴⁾ skal þráðlaus fjarskiptabúnaður þannig gerður að tryggt sé að hann virki rétt við siglingar á sjó, uppfylli allar kröfur um starfhæfni í GMDSS-kerfinu sem, í samræmi við viðeigandi ákvæði Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar, eiga við um skip sem falla ekki undir samninginn um öryggi mannlífa á hafinu og geri skýr og traust boðskipti möguleg, sem eru einnig mjög áreiðanleg, að því er varðar hliðrænt eða stafrænt fjarskiptasamband.

3. gr:

Ákvörðun 2004/71/EB er hér með felld úr gildi.

4. gr:

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 12. ágúst 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar;

Antonio TAJANI

varaforseti

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 163, 25.6.2009, bls. 1.